

Alþingi  
Erindi nr. P 138/3035  
komudagur 19.8.2010

Umsögn um Þskj. 1280 — 660. mál.

Frá Sigmundi Einarssyni

**Frumvarp til laga  
um verndar- og nýtingaráætlun vegna  
virkjunar fallvatna og háhitasvæða.**

16.8.2010

**Athugasemdir:**

Almennar athugasemdir:

- Í frumvarpinu eru villur sem snúa að tæknilegum þáttum annars vegar og samræmingu við önnur lög hins vegar. Þetta kemur nánar fram í athugasemdum við einstakar greinar laganna.
- Í öllum lagatextanum er nýting orkulindanna í fyrirrúmi og verndun í bakgrunni. Hvergi er minnst á náttúruverndaráætlun og ótækt er að mat á verndargildi sé fært frá umhverfisráðuneyti til iðnaðarráðuneyti enda stangast það á við lög nr. 44/1999 um náttúruvernd og lög nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.
- Umfjöllun í frumvarpinu um verndun og verndarflokk (6. gr) er óþörf. Hér nægir að fjalla um heimildir til nýtingar. Umhverfisráðuneytið og stofnanir þess eiga að vera færar um að fjalla um friðunarþáttinn innan núgildandi lagaramma.
- Í frumvarpinu er gert ráð fyrir flókinni og þunglamalegri stjórnsýslu. Nær væri að nýta þá krafta og þekkingu sem þegar eru til staðar í stofnunum viðkomandi ráðuneyta.

Um einstakar greinar laganna:

- Titill frumvarpsins.

*Úr titlinum má taka út orðið **verndaráætlun** því hér er í raun aðeins um nýtingaráætlun að ræða. Sá takmarkaði verndarþáttur sem frumvarpið fjallar um er þegar til staðar í öðrum lögum. Eðlilegtast væti að á undan nýtingaráætlun lægi fyrir vönduð verndaráætlun og sé hún ekki til staðar ætti ekki að vera hægt að leggja fram nýtingaráætlun. Náttúran fyrst, síðan nýtingin en ekki öfugt.*

1. gr. Markmið.

Greinin hljóði svo (breytingar eru rauðar):

Markmið laga þessara er að tryggja að nýting háhitasvæða og landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti fallvatna byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem

tekið er **fullt** tillit til **verndar náttúrunnar** ~~verndargildis-náttúru~~ og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði.

*Verndargildi er ekki skilgreint hugtak og það ber að varast í textanum.*

*Í greininni er orðalagið sem snýr að náttúruvernd mjög veikt. Því verður að breyta.*

- 2. gr. Gildissvið og skilgreiningar.

1. mgr. hljóði svo:

Lög þessi ná til háhitasvæða og landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti fallvatna, jafnt innan eignarlanda sem þjóðlendna. **Lögin taka ekki til landsvæða sem njóta friðlýsingar í samræmi við 50. gr. laga um náttúruvernd nema tiltekið sé í friðlýsingarskilmálum að virkjunarframkvæmdir séu heimilar á viðkomandi svæði.**

*Síðari setningin færir úr 3. gr.*

3. liður 2. gr. hljóði svo:

3. Háhitasvæði: Jarðhitakerfi þar sem hitastig grunnvatnsforðans er **metið** 200°C eða hærra á 1000 m dýpi eða ofar.

*Þessi breyting er óhjákvæmileg þar sem því fer fjarri að beinar mælingar liggi fyrir á öllum svæðum. Viða er þetta hitastig metið með efnahitaælum. Samræma þarf notkun mælieininga, þ.e. °C og m eða gráður á Celsius og metri.*

5. liður 2. gr. hljóði svo:

5. Virkjunarkostur: **Möguleg Áætluð** framkvæmd vegna virkjunar fallvatna og á háhitasvæðum á tilgreindum virkjunarstað.

*Áætluð framkvæmd er einfaldlega röng skýring. Virkjunarkostur merkir möguleiki til virkjunar hvort sem hann er áætlaður eða ekki.*

6. liður 2. gr. hljóði svo:

6. Yfirborðsrannsóknir: **Rannsókn Kortlagning**-náttúrusvæða, landslags, lífríkis, vatnafars og jarðfræði. Jarðfræðirannsóknir skiptast í rannsóknir á jarðfræði, jarðefnafræði og jarðeðlisfræði sem byggjast á sýnatöku á gasi, vatni og bergi, mælingu með tækjum á yfirborði og grunnum borunum til að ná bergsýnum, mælingu á berghita og stöðu grunnvatns, með léttum bortækjum sem skilja ekki eftir sig nein verksummerki.

*Kortlagning merkir alls ekki það sama og rannsókn.*

- 3. gr. ~~Verndar~~ og **Nýtingaráætlun.**

1. mgr. hljóði svo:

Iðnaðarráðherra leggur í **nánu** samráði og samvinnu við umhverfisráðherra eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um áætlun til næstu 12 ára um ~~vernd~~-og-nýtingu landsvæða vegna virkjunar fallvatna og háhita.

*Hér þarf að taka sterkt til orða enda löng hefð fyrir því að túlka orðið **samráð** mjög frjálstlega.*

2. mgr. hljóði svo:

Í ~~verndar~~-og-nýtingaráætlun er á grundvelli sjónarmiða sem fram koma í 4. mgr. mótuð stefna um hvort landsvæði þar sem er að finna virkjunarkosti megi nýta til orkuvinnslu. ~~eða hvort ástæða sé til að friðlýsa þau eða kanna frekar~~ Virkjunarkostir á viðkomandi svæðum eru samkvæmt því flokkaðir í nýtingarflokk eða biðflokk.

3. mgr. hljóði svo:

~~Verndar~~-og-Nýtingaráætlun tekur til landsvæða og virkjunarkosta sem verkefnisstjórn skv. 8. gr. hefur fjallað um og hafa uppsett rafafli 10 MW eða meira eða uppsett varmafli 50 MW eða meira. Hún tekur þó ekki til stækkunar **orkuvera, ásamt tilheyrandi virkjunarframkvæmdum**, nema stækkunin feli í sér matsskyldar framkvæmdir samkvæmt **ákvörðun eða** úrskurði á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum.

*Orðið **virkJun** kemur ekki fyrir í lögum um mat á umhverfisáhrifum og því þyrfti að skilgreina það sérstaklega. Þetta verður að stemma. Síðari athugasemdin snýr að samræmingu við lög um mat á umhverfisáhrifum og skýrir sig sjálf sbr. 3. mgr. 5. gr.*

*Síðasta setningin hefur verið færð í 2. gr. um gildissvið.*

5. gr. Biðflokkur.

1. mgr. hljóði svo.

Í biðflokk ~~verndar~~-og-nýtingaráætlunar falla virkjunarkostir sem er talið að afla þurfi frekari upplýsinga um svo meta megi á grundvelli sjónarmiða sem fram koma í 4. mgr. 3. gr. hvort þeir eigi að falla í nýtingarflokk. ~~eða verndarflokk.~~

3. mgr. hljóði svo:

Þrátt fyrir 2. mgr. er unnt að fengnu samþykki Náttúrufræðistofnunar Íslands að heimila orkurannsóknir á yfirborði á svæðum í verndarflokki og þá eingöngu í vísindalegum tilgangi.

*Eðlilegast er að rannsóknarstofnun fjalli um rannsóknarheimildir.*

*Á biðtíma þurfa svæði í biðflokk að njóta fullrar verndar þannig að þeim verði ekki raskað ef ástæða þykir til verndunar.*

4. mgr. fellur niður.

6. gr. Verndarflokkur.

*Þessi grein fellur niður*

8. gr. Verkefnisstjórn., 9. gr. Verksvið verkefnisstjórnar. , 10. gr. Verklag og málsmeðferð.

*Athugasemd: Þessar greinar þarf að endurskoða frá grunni. Hér er á ferðinni tillaga að óskilvirkri bákni í stjórnkerfinu sem minnir helst á Vatnajökulshjóðgarð þar sem á fjórða tug manna eru í stjórn og ekki síður Rammaáætlun sem m.a. tafðist vegna alltof flókans sérfræðingakerfis og kostnaðar. Þessir þættir eiga einfaldlega að vera hluti af verkefnum stofnana iðnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytis með skilyrtri samvinni og samráði við þjóðminjageirann. Hér er verið að leggja drög að ígildi stofnunar á sama tíma stjórnvöld segjast ætla að fækka stofnunum.*

*Mikilvægt er að skilgreina samráðið betur og gera grein fyrir framkvæmd þess.*

12. gr. Reglugerð.

*Þessi grein þarfnast endurskoðunar til samræmiis við breytingar á 8.-10 gr.*

*Sigmundur Einarsson*